

18. Brjef innanríkisstjórnarinnar til amtmannsins í 1855.
 norður- og austurumdæminu um lögreglustjórn á 14. maí.
 Akureyri og læknisumsjón á Eskifirði.

Eptir að innanríkisstjórnin 25. apríl f. á. hafði leitað álits herra amtm. um það, að hve miklu leyti lögreglustjórn á Akureyrar verzlunarstað og læknisumsjón á Eskifirði yrði höfð með utanríkisskipum, sem koma á þær hafnir, þaðan sem sýslumaðurinn í Eyjafjarðar sýslu og hjeraðslæknirinn í Múla sýslum nú búa, og, ef því yrði ekki við komið, hvort ekki ætti að gjöra embættismönnum þessum að skyldu, annaðhvort að setjast að á nefndum verzlunarstöðum eða að minnsta kosti á annan hátt að annast um, að nauðsynleg lögreglu- og læknisumsjón sje höfð með áður nefndum skipum, hafið þjer, í þóknanlegu brjefi 5. desember f. á., látið það álit yðar í ljósi um hið fyrra atriði, að hin nauðsynlega lögreglu-umsjón engan veginn verði höfð, svo nægileg sje, þaðan sem sýslumaðurinn nú býr, og að þjer ætlið það líka ónóg, að gjöra sýslumanninum það að skyldu, að vera á verzlunarstaðnum á vissum ákveðnum tímum, þar eð slík ákvörðun yrði þýðingarlaus sökum hinna mörgu embættisferða, er hann hefur um landþinghána, en hafið þar á móti ætlað að það væri nær lagi, að gjöra sýslumanninum það að skyldu, að hafa fast aðsetur á verzlunarstaðnum, en um leið vakið athygli á því, að þau tormeiki sjeu á því, að hinum núverandi sýslumanni var ekki gjört að skyldu, þegar honum var veitt embættið, að taka sjer bólfestu á verzlunarstaðnum, og væri það því ósanngjarnt að gjöra þessum embættismanni, er hefur varið ærnum kostnaði til að byggja sjer íveruhús á jörð sinni, og til að afla sjer fjenaðar og búslóðar, verkfæra til jarðarræktar, o. s. frv., til þess að hún sje fullsetin, það að skyldu, mót vilja hans og óskum, að flytja sig á verzlunarstaðinn, eða að halda þar á eigin kostnað umboðsmann, er gegni störfum þeim, er hjer ræðir um.

Sökum þessa, er nú var talið, hefur herra amtm. þótt hentast, að stofnað væri sjerstakt lögreglustjóra-embætti á Akureyri, og hefur sýslumaðurinn játað sig fúsan til að sleppa til

1855.

14. maí.

launa handa þessum lögreglustjóra tekjum þeim, er hann hefur af bænum, sem einkum eru skipgjöld, og sem álitid er að verða muni hjerumbil 200 rd. á ári, og ætlar herra amtm. að þá þyrfti að bæta við af ríkissjóðnum að minnsta kosti 300 rd.

Stjórnin vildi um þetta atriði ekki láta hjá líða að geta þess, að eins og nokkur vafi kynni að vera á því, hvort verzlunarstaður þessi enn er orðinn svo stór, að ekki sýnist verða hjá því komizt, að setja þar sjerstakt lögstjórnarembætti, eins hefði þetta skipulag ætíð svo mikinn kostnað í för með sjer, að viðsjárvert kynni að þykja, að jafna honum niður á amtsbúa. Það væri nefnilega varla hægt, eins og herra amtm. líka byggir á, að fá mann, er hefur tekið embættispróf í lögum, í þetta embætti, nema hann hefði að launum að minnsta kosti 500 rd.; en eins og það getur verið efasamt, hvort að tekjur þær af verzlunarstaðnum, sem sýslumaðurinn hefur boðizt til að láta af hendi, sjeu nú sem stendur 200 rd., eins mundi 300 rd. viðbætur úr jafnaðarsjóðinum þykja mikið gjald, er ekki ætti að verja þannig, nema brýn nauðsyn bæri til. Betra hefði það að vísu verið, ef að sýslumaðurinn hefði getað sett að á verzlunarstaðnum, en þar eð herra amtmaðurinn hefur álitid, að það væri ósanngjarnt að skipa sýslumanni þeim sem nú er það, og af því gæti jafnvel leitt, að hann yrði fjelaus, og þar eð það á hinn bóginn mundi mjög torvelt að útvega honum hæfilegt endurgjald fyrir skaða þann, er hann kynni að bíða við áður nefndan flutning, sýnist varla annar kostur fyrir höndum, en að skora á hann, að sækja um annað embætti hið fyrsta að færi gefst, er hann einnig hefur boðizt til, og yrði þá herra amtmaður fyrst um sinn að setja mann, er fær væri um það, til þess að hafa lögreglustjórn og umsjón á útlendum skipum er þangað kæmu, gegn þeim launum, að hann fái tekjur þær sem sýslumaðurinn nú hefur af verzlunarstaðnum, og auk þess allt að 50 rd. þóknun af amtsjafnaðarsjóðinum. En áður en þetta er gjört, óska jeg að fá nákvæmari athugasemdir herra amtm. um málið ásamt áliti hlutaðeigandi sýslumanns.

Hvað það snertir, hvernig gegnt skuli störfum þessum yfirstandandi ár, má líklega trúa Birni hreppstjóra Jóns-

1855.
14. maí.

sýni á Akureyri, sem herra amtmaður hefur tekið til þess, fyrir þeim, því hann hefur áður, eptir skýrslu Briems sýslumanns, gegnt þess konar störfum eptir tilkvaðningu amtmanns; og hafi hann að launum 20 rd. þóknun þá, er getið er í brjefi yðar 3. desember f. á., er borga má fyrir fram af amtsjafnaðarsjóðnum fyrir þetta ár.

Hvað læknisumsjón á Eskifirði snertir, sjest það og af brjefi herra amtm., að henni ekki verði hæfilega við komið þaðan sem hjeraðslæknirinn nú býr, því hann býr hjerumbil 4 mílur frá verzlunarstaðnum, og þar eð nú auk þessa, sökum þess hvernig til hagar, virðist ógjörandi að skipa hlutaðeigandi hjeraðslækni að setjast að á verzlunarstaðnum, verður að gjöra ráðstöfun fyrir því, að læknisumsjón verði höfð stöðugt á nefndum verzlunarstað, eins og á hinum 5 stöðunum sem ákveðnir eru í lögunum 15. apríl f. á.

Á meðan að uppástunga sú, er dr. Schleisner gjörði á sínum tíma, sem fór því fram að settur yrði læknir í sýslu hverri, ekki er komin í kring, má vera að bezt og kostnaðarminnst yrði að haga þessu svo, að skora á hlutaðeigandi hjeraðslækni að kenna lægnum manni til aðstoðarlæknis, samkvæmt opnu brjefi 23. ágúst 1848 § 3, og að áður nefnd störf yrðu síðan lögð honum á herðar fyrir hjerumbil 150 rd. þóknun á ári. Það er nefnilega ætlandi, at slíkur læknir geti annast rannsókn þá á heilsufari skipverja, sem lögin 15. apríl f. á. um geta í 2. gr., þó að hann hafi ekki tekið opinbert próf. Jafnframt því að biðja um álit herra amtm. í þessu efni, skal því við bætt, að þangað til slíkt eða áþekkt fyrirkomulag er á komið skal sóttvarna- eða heilbrigðisnefnd sú, er nú er sett á Eskifirði, hafa þar læknisumsjón með skipum útlendra þjóða, og þar eð í nefnd þessari voru, eptir hinni seinustu skýrslu herra amtmannsins, sýslumaðurinn og hjeraðslæknirinn, og einn maður sem á heima í verzlunarstaðnum, Jón gullsmiður Sigfússon, getur það að líkindum ekki verið umtalsmál, að veita öðrum en hinum síðast nefnda neina þóknun fyrir þenna starfa, og bið jeg yður einnig að skýra mjer frá áliti yðar um það efni.

Að öðru leyti læt jeg ekki hjá líða að skýra herra amtm.

1855. frá því, að þar eð það flýtur af sjálfu sjer, að kostnað
 14. maí. þann, er þetta skipulag út heimtir, og annað er leiðir af lög-
 unum 15. apríl f. á., verða landsmenn sjálfir að bera, og hann
 verður ekki talinn með ríkisútgjöldum, hefi jeg látið semja
 frumvarp um, hvernig þess konar gjöld skuli greidd, til að
 leggja fyrir alþing það er haldið er í ár.

Þar sem herra amtm. að endingu í áður nefndu brjefi
 yðar 5. desember f. á. hafið vísað til brjefs frá yður til stjórn-
 arinnar 2. október 1851 um að kaupa á opinberan kostnað
 Oddeyri við Akureyrar kaupstað, vil jeg ekki undan fella að láta
 yður vita, að stjórnin því síður getur gengið að þessu, þar eð
 álíta má, að búið sje nú, síðan að verzlunarlögin 15. apríl f. á.
 komu út, að sleppa því, er stjórnin áður ætlaði sjer, að gjöra
 hin helztu kaupþún á Íslandi að kaupstöðum.

15. maí. 19. Brjef hinnar íslenzku stjórnardeildar til allra pró- fasta á Íslandi um fólkstölu.

Eptir skýrslu ríkisfræðisdeildarinnar var allt fólk talið í
 Danmörku 1. febrúar þ. á., en þar eð sá dagur þótti miður
 hentugur, eptir því sem til hagar á Íslandi og hinum öðrum
 norðlægu undirlöndum, er þar ákveðið, að telja skuli fólk þar
 1. október næstkomandi. Á Íslandi þótti best henta, viðlíka
 og gjört hefur verið í Danmörku, að telja eptir sóknnum, þannig,
 að hver prestur láti hreppstjóra eða annan hæfan mann í sókn-
 inni skrifa upp á eyðublöð, er til þess eru ætluð, innbúa sókn-
 arinnar, og skal þar til færð tala heimilanna, nöfn manna, aldur,
 staða o. s. frv., og að presturinn eptir töluskrám þeim, er hann
 þannig hefur fengið, semji höfuðtöflur um fólkstöluna í sókn-
 inni, og sendi síðan hinar áður nefndu töluskrár og sóknartöflur
 hlutaðeigandi prófasti, er sendir þær ásamt töluskrám og höfuð-
 töflum fyrir sína eigin sókn, beinlínis til undirskrifaðrar stjórn-
 ardeildar. Það þótti enn fremur rjettast, að fólkestalan sje tekin
 eins og hún er 1. október þ. á., svo að af töflunum megi
 sjá hve margt fólkið er í raun og veru nefndan dag.